



2024

KOSTNAÐUR VIÐ SMÁGREIÐSLUMIÐLUN



Það er hlutverk Seðlabanka Íslands að stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslumiðlun í landinu og við útlönd. Liður í því er að safna gögnum um ólíka greiðslumiðla og leggja mat á kostnað við notkun þeirra.

Í *Kostnaði við smágreiðslumiðlun* er greint frá niðurstöðum Seðlabankans á mati á þjónustugjöldum og/eða einkakostnaði (þjónustugjöldum og samfélagskostnaði) í smágreiðslumiðlun. Upplýsingarnar byggja undir stefnumörkun og ákvarðanatöku Seðlabankans og geta jafnframt gagnast öðrum þátttakendum í greiðslumiðlun. Þær nýtast m.a. við mat á því hvort tiltekinn greiðslumiðill sé hagkvæmari í notkun en annar og hvort gjöld séu í samræmi við kostnað við rekstur greiðslumiðla og greiðsluþjónustu.

Útgefandi:

Seðlabanki Íslands, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, 569 9600, sedlabanki@sedlabanki.is, www.sedlabanki.is

2. rit 2. febrúar 2024 ISSN 2988-8972, vefrit.

Öllum er frjálst að nota efni úr *Kostnaði við smágreiðslumiðlun* en þess er óskað að getið sé heimildar.

Efnisyfirlit

	Þjónustugjöld í smágreiðslumiðlun í hnotskurn	4
I	Inngangur	5
II	Gagnaöflun	6
III	Greiðslumiðlar	7
	Reiðufé (seðlar og mynt)	7
	Greiðslukort, debet- og kreditkort	7
	Greiðsluþjónusta	7
IV	Greiðsluleiðir	8
V	Gjaldtaka og tekjumyndun á greiðslukort	9
	Neysla heimila	10
VI	Tekjur og gjöld í smágreiðslumiðlun	11
	Þjónustugjöld heimila	11
	Þjónustugjöld söluaðila	14
	Tekjur og gjöld fyrirtækja í greiðslumiðlun	15

Þjónustugjöld í smágreiðslumiðlun í hnotskurn



Þjónustugjöld sem heimili greiða fyrir notkun á greiðslumiðlum eru tvenns konar: Annars vegar bein þjónustugjöld til útgefenda og þjónustuaðila greiðslumiðla og hins vegar óbein þjónustugjöld til færsluhirða þegar greiðslukort eru notuð hjá söluaðilum. Áætlað er að heimilin á Íslandi hafi greitt um 12,3 ma.kr. í bein þjónustugjöld á árinu 2022 þar af 6,5 ma.kr. fyrir notkun innlendra greiðslumiðla innanlands og 5,8 ma.kr. fyrir notkun innlendra greiðslumiðla erlendis. Að raunvirði hækkuðu gjöldin um 4,7% frá árinu á undan. Óbeinu þjónustugjöldin námu um 14,4 m.kr. en það eru gjöld sem söluaðilar greiða beint til færsluhirða vegna greiðslukortanotkunar og eru innheimt í gegnum vöruverð.



Að raunvirði hækkuðu beinu þjónustugjöldin á debetkort um 13% og kreditkort um 8% sem rekja má til almennrar hækkunar verðlags og aukinnar neyslu erlendis. Töluverður munur er á kostnaði á hverja færslu milli debet- og kreditkorta, eins og fram hefur komið í fyrri greiningum Seðlabankans á kostnaði við smágreiðslumiðlun. Hver færsla með innlendu debetkorti innanlands kostaði um 20 kr. að meðaltali fyrir hvert heimili en kostaði um 118 kr. að meðaltali ef innlent debetkort var notað erlendis. Hver færsla með innlendu kreditkorti innanlands kostaði að meðaltali um 51 kr. en hver færsla erlendis um 177 kr. að meðaltali. Gjöld heimila af reiðufjárþjónustu hækkuðu milli ára og gjöld af greiðsluþjónustu voru nánast óbreytt.



Stærsti hluti gjalda fyrir notkun á innlendu greiðslukorti erlendis er gengisálag og er áætlað að heimilin hafi greitt um 4,4 ma.kr. í slíkan kostnað á árinu 2022 eða um 138 kr. að meðaltali á hverja færslu.



Gjöld sem söluaðilar greiddu til fyrirtækja í greiðslumiðlun hækkuðu töluvert milli áráanna 2021 og 2022 eða um 23,5% að raunvirði. Hækkunina má helst rekja til aukinnar veltu kreditkorta og aukins færslufjölda erlendra greiðslukorta. Hver debetkortafærsla kostaði söluaðila um 50 kr. að meðaltali en hver kreditkortafærsla um 142 kr.



Áætlað er að hreinar tekjur fyrirtækja í greiðslumiðlun sem kostnaðarmatið nær yfir hafi numið um 32,6 ma.kr. á árinu 2022 og hækkuðu tekjurnar um 37% að raunvirði frá árinu á undan, einkum vegna þjónustugjalda á greiðslukortum

Inngangur

I

Hlutverk Seðlabanka Íslands er að stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslumiðlun í landinu og við útlönd. Liður í því er að safna gögnum um ólíka greiðslumiðla og leggja mat á kostnað við notkun þeirra. Upplýsingarnar styðja við stefnumörkun og ákvarðanatöku Seðlabankans og skipta máli fyrir samfélagið allt enda gegnir greiðslumiðlun lykilhlutverki í efnahagslegum samskiptum manna á milli. Með vitneskju um kostnað við smágreiðslumiðlun er m.a. hægt að leggja mat á hvort tiltekinn greiðslumiðill sé hagkvæmari í notkun en annar og hvort gjöld séu í samræmi við kostnað við að reka greiðslumiðla og greiðsluþjónustu. Sú greining sem hér er lögð fram ætti því að veita betri sýn á gjöld og hvort kostnaður við greiðslumiðla fari hækkandi eða lækkandi að teknu tilliti til kostnaðar á hverja færslu.

Notendur eiga að hafa val milli ólíkra greiðslumiðla en skortur er á gagnsæi varðandi gjalddtöku sem gerir það að verkum að notendur eiga erfitt með að átta sig á hvað hentar þeim hverju sinni. Æskilegt er talið að notandi sem velur dýrari greiðslumiðil, vegna þæginda, fríðinda eða af öðrum ástæðum, greiði meira fyrir notkun þess greiðslumiðils en notandi sem velur ódýrari kost. Ella er líklegt að hinn síðarnefndi niðurgreiði kostnað þess sem velur dýrari greiðslumiðli.

Seðlabanki Íslands birtir reglulega upplýsingar um kostnað vegna smágreiðslumiðlunar. Árlega eru teknar saman upplýsingar um þjónustugjöld og þjónustutekjur (ytri kostnað) sem lögð eru á greiðslumiðla hér á landi. Á tveggja til þriggja ára fresti er lagt mat á samfélagskostnað (innri kostnað) sem er framleiðslukostnaður greiðslumiðla. Í þessu riti er greint frá niðurstöðum Seðlabankans á mati á þjónustugjöldum og þjónustutekjum í greiðslumiðlun, þ.e. ytri kostnaði.

Mat á kostnaði við smágreiðslumiðlun sem hér er greint frá tekur eins og fyrr segir ekki tillit til samfélagskostnaðar eða ávinnings sem hlýst af notkun greiðslumiðla, þ.e. að hve miklu leyti greiðslumiðlar uppfylla þarfir notenda og samfélagsins. Þegar gerð er heildarúttekt á hagkvæmni greiðslumiðla er tekið tillit til bæði ávinnings og kostnaðar. Slík úttekt getur leitt í ljós að tiltekinn greiðslumiðill sem metinn er kostnaðarsamari en annar veiti meiri samfélagslegan ávinning og að það réttlæti því að notendur og samfélagið í heild greiði meira fyrir notkun hans.

Gagnaöflun



Gagna var aflað á árinu 2023 vegna þjónustugjalda heimila í tengslum við greiðslumiðlun á árinu 2022 hjá eftirtöldum fyrirtækum í greiðslumiðlun: Viðskiptabönkum, sparisjóðum, Teya (hét áður SaltPay), Rapyd/Valitor, Símanum Pay, Handpoint, Western Union, Netgíró og Aur sem eru í eigu Kvik Banka og Kass sem er hluti af rekstri Íslandsbanka. Hjá ofangreindum aðilum var einnig aflað upplýsinga um færslufjölda en gagna um fjöldann var einnig aflað beint úr gagnaveitum Seðlabanka Íslands.

Í ritinu eru niðurstöður um gjöld og tekjur fyrir árið 2022 bornar saman við niðurstöður frá árinu 2021 sem birtust í riti Seðlabankans í maí 2023.¹ Þar er kostnaður á hverja færslu reiknaður út frá einkakostnaði sem er samtala innri- og ytri kostnaðar. Hér í þessu riti er kostnaður á hverja færslu reiknaður eingöngu út frá ytri kostnaði og borinn saman við ytri kostnað á árinu á undan. Breytingar á gjöldum milli áranna eru staðvirtar skv. vísitölu neysliverðs án húsnæðis á grunni 1. janúar 2021.

Á árinu 2022 var markaðurinn fyrir smágreiðslumiðlun óbreyttur frá árinu 2021 í þeim skilningi að enginn nýr greiðslumiðill kom fram á markaðinn en einn nýr greiðsluþjónustuveitandi hóf starfsemi á árinu, Indó sparisjóður. Á árinu fóru langflestar greiðslur hjá söluaðilum fram með greiðslumiðli sem er byggður ofan á hið hefðbundna kortakerfi (debet- og kreditkorti) eins og áður.

Á árinu 2023 hófu Landsbankinn og Straumur, dótturfélag Kvik, að færsluhirða greiðslukort.² Félagið Fjárflæði hóf einnig starfsemi sem milligönguaðili færsluhirðingar snemma á því ári. Þar sem mat á kostnaði í þessu riti tekur mið af tölum fyrir árið 2022 eru færslur frá þessum aðilum ekki hluti af greiningunni. Þeirra hlutur kemur inn þegar kostnaðurinn verður metinn að nýju.

1. Sjá hér: [Kostnaður við smágreiðslumiðlun, 2023](#).

2. Kvika keypti á árinu 2022 hluta af færsluhirðingarsamningum Valitors þegar það félag var selt til Rapyd.

Greiðslumiðlar



Hér á landi eru eftirfarandi greiðslumiðlar helst notaðir: Reiðufé; greiðslukort (debet- og kreditkort); greiðsluþjónusta en þar undir eru millifærslur fjármuna á annan bankareikning, rafrænt eða hjá gjaldkera; BNPL-lausrir (e. buy-now-pay-later) þegar krafa er greidd í gegnum netbanka eða bankaapp.

Reiðufé (seðlar og mynt)

Reiðufé er greiðslumiðill sem þarfnast ekki greiðslubúnaðar. Hægt er að nota reiðufé til greiðslu á vöru og þjónustu á sölustöðum, sem gjöf eða í sparnað. Í ritinu er hugtakið reiðufé notað yfir seðla og mynt í íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðli þegar það á við. Heimilin sækja reiðufé annað hvort til gjaldkera eða í hraðbanka hér á landi eða erlendis. Þau geta líka millifært reiðufé yfir landamæri með því að afhenda innlendum þjónustuðila í greiðslumiðlun íslenskar krónur, í seðlum, og móttakandi erlendis fær greitt í seðlum í sínum gjaldmiðli. Söluaðilar þurfa líka að leggja inn og taka út reiðufé til að eiga skiptimynt í viðskiptum við heimilin. Allir viðskiptabankar og sparisjóðir reka hraðbanka og útibú þar sem hægt er að nálgast reiðufé.³

Greiðslukort, debet- og kreditkort

Greiðslukort er búnaður til að nálgast bankainnstæður. Með kortinu er hægt að fá samþykki fyrir greiðslu á vöru og þjónustu, hvort sem kortið er áþreifanlegt eins og útgefið greiðslukort á plasti eða óáþreifanlegt eins og greiðslukort í snjalltæki. Gjöldin eru þau sömu óháð því hvort greitt er með áþreifanlegu eða óáþreifanlegu

greiðslukorti. Gjöldin eru hins vegar ekki þau sömu fyrir innlenda og erlenda notkun. Heimilin nota greiðslukort hjá söluaðilum héraendis og yfir landamæri, annað hvort í gegnum erlenda netsíðu eða á ferðalögum erlendis.

Tveir innlendir færsluhirðar sem eru milliliðir fyrir greiðslukortanotkun störfuðu á íslenskum markaði á árinu 2022, þ.e. Teya (áður Saltpay) og Rapyd.⁴

Greiðsluþjónusta

Greiðsluþjónusta á sér stað þegar heimili millifærir fjármuni á annan einstakling gegnum netbanka eða bankaapp í snjalltæki, millifærir fjármuni með aðstoð gjaldkera eða millifærir fjármuni með smáforritinu Aur eða Kass (vinagreiðsla). Heimilin millifæra líka fjármuni yfir landamæri í gegnum netbanka og greiðsluapp.

Allir viðskiptabankar og sparisjóðir veita rafræna greiðsluþjónustu. Tvö fyrirtæki í greiðslumiðlun (Netgíró og Pei) voru starfandi á íslenskum markaði með BNPL-greiðslumiðil á árinu 2022. Hlutdeild greiðslumiðilsins í innlendra smágreiðslumiðlun hér á landi er mjög lítil og fellur hann því undir greiðsluþjónustu í þessari greiningu en telst ekki sérstakur greiðslumiðill. Það á vel við þar sem BNPL-lausrir fer í gegnum Kröfupott sem er ein tegund greiðsluþjónustu. Með öðrum orðum, þegar BNPL-lausrir er notuð til að greiða fyrir vöru og þjónustu fer greiðsla fram með greiðsluseðli í heimabanka eða bankaappi greiðanda gegnum Kröfupott sem er rafræn og miðlæg lausrir fyrir kröfur og reikninga. Söluaðilar nýta líka greiðsluþjónustu til að taka við rafrænum greiðslumiðlum frá heimilum t.d. með því að leigja posa frá færsluhirðum.

3. Aðrir aðilar en bankar og sparisjóðir reka líka hraðbanka, eins og Euro-net, en þeir eru ekki í greiningunni.

4. Hluti af færsluhirðingarsamningum Valitors var seldur til Rapyd á árinu.

Greiðsluleiðir




Með hugtakinu greiðsluleiðir er átt við hvernig greiðsluflæði milli greiðanda og móttakanda er háttað og hvaða notendur eiga hlut að máli. Dæmi um greiðsluleið er greiðsla á sölustað, greiðsla á netinu og greiðslureikningur. Notandinn getur verið einstaklingur, söluaðili, fyrirtæki eða opinber aðili. Ekki er hægt að nota alla greiðslumiðla á öllum greiðsluleiðum. Reiðufé er t.d. ekki í boði í netviðskiptum og greiðslukort eru yfirleitt ekki notuð til að miðla greiðslum milli einstaklinga. Í þessu riti er lagt mat á greiðslur milli einstaklinga (P2P) og greiðslur heimila á sölustað (P2B). Kostnaður við netviðskipti er talinn hluti af kostnaði á sölustöðum vegna þess að ekki var unnt að aðgreina þau sérstaklega.

Tafla IV-1 Greiðsluleiðir og greiðslumiðlar


Greiðsluleiðir:	Greiðslumiðill:
Milli einstaklinga (P2P)	Reiðufé, netbanki, bankaapp, Aur og Kass
Einstaklingur til söluaðila (P2B) á sölustað	Reiðufé, debet- og kreditkort
Einstaklingur til söluaðila (P2B), netviðskipti	Debet- og kreditkort, Netgíró, Pei netbanki, bankaapp
Einstaklingur til söluaðila (P2B), greiðslureikningur, - Kröfupottur	Netgíró, Pei
Milli söluaðila (B2B)	Reiðufé, greiðslukort, netbanki, bankaapp
Söluaðili til einstaklinga (B2P)	Reiðufé, netbanki, bankaapp

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Flest heimili nota greiðslukort til að greiða fyrir vöru og þjónustu á sölustöðum, annað hvort beint eða óbeint með snjalltæki. Hér á landi fóru um 92% færslna fram með þessum hætti í innlendri smágreiðslumiðlun á árinu 2022. Hlutfall reiðufjárfærslna var áætlaður um 7% af heildarfærslum og hlutfall BNPL-lausna var um 1%. Hlutfall greiðslukortafærslna var um 98% ef tekið er mið af reglulegri notkun greiðslumiðla, þ.e. þegar verslað er vikulega eða oftar.



Nær öll heimili nota netbanka eða bankaapp í snjalltæki til að millifæra fjármuni á annan einstakling. Á árinu 2022 fóru rúmlega 93% af öllum innlendum millifærslum þá leið. Tæplega 5% heimila notuðu Aur og Kass. Innan við 2% nýttu sér greiðsluþjónustu hjá gjaldkera við millifærslu fjármuna.



Gjaldtaka og tekjumyndun á greiðslukort




Þegar söluaðilar hækka verðlag á vöru og þjónustu greiða þeir hærrí gjöld af greiðslukortum því fyrirtæki í greiðslumiðlun innheimta m.a. prósentugjald af virði hverrar færslu. Tekjur fyrirtækjanna hækka því sem því nemur en gjöld á aðföng í greiðslumiðlun sem


þau greiða eru einnig líkleg til að hækka ef almennt verðlag hækkar í landinu. Á síðustu árum hefur vísitala neysluverðs hækkað nokkuð eða um tæplega 8% milli árana 2021 og 2022. Aðrir þættir hafa líka áhrif á þjónustugjöldin og tekjumyndunina. Tekjur fyrirtækja í greiðslumiðlun hækka þegar heimilin eyða meira í vöru og þjónustu, bæði frá söluaðilum sem greiða gjald á hverja færslu og heimilum með debetkort sem greiða fast gjald á hverja færslu.

Einnig hækka tekjur fyrirtækja í greiðslumiðlun ef heimilin nota kortin meira erlendis en heima á Íslandi því hver færsla er að jafnaði dýrari þar en innanlands. Að auki hækka tekjur þegar fleiri greiðslukort (debet- og kreditkort) eru gefin út og þegar ferðamönnum sem nota greiðslukort fjölga hér á landi.

Í greiðslumiðlun er fastur kostnaður jafnan hátt hlutfall af heildarkostnaði, sérstaklega á rafrænum greiðslumiðlum eins og greiðslukortum, sem þýðir að kostnaður við hverja færslu lækkar eftir því sem færslum fjölga. Færslum fjölga þegar tiltekinn greiðslumiðill eykur vinsældir sínar og færslum fjölga líka almennt þegar einkaneyslan eykst í hagkerfinu. Báðir þessir þættir hafa áhrif á einingaverðið, þ.e. það lækkar þegar færslum fjölga. Sú lækkun skilar sér í meiri hagnaði fyrir fyrirtækin nema þau láti neytendur njóta þess að einhverju leyti í betri kjörum. Ólíkt greiðslukortum hefur breytilegur kostnaður meiri áhrif á reiðufé vegna þess að hann er háðari magni seðla og myntar í umferð, dreifingu reiðufjárins, afgreiðslu reiðufjárúttekta og móttöku greiðslna í formi reiðufjár.⁵



1. Neysluvísitala án húsnæðis.
Heimild: Hagstofa Íslands.




Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

5. Lesa má nánar um fastan og breytilegan kostnað í greiðslumiðlun hér: [Kostnaður við smágreiðslumiðlun, 2023.](#)

Neysla heimila

Innlend greiðslukortavelta heimila á árinu 2022 var um 921 ma.kr. að nafnvirði en var um 870 ma.kr. á árinu 2021. Að raunvirði dróst innlend greiðslukortavelta saman um 0,4% vegna minni debetkortaveltu. Kreditkortaveltan jókst lítillega á árinu. Neysla Íslendinga erlendis, bæði með auknum utanlandsferðum og viðskiptum á erlendum netsíðum, tók mikinn kipp á árinu 2022. Jókst hún um 72% að raunvirði frá árinu á undan, sem rekja má til uppsafnaðrar ferðaþarfar landsmanna eftir ferðatakmarkanir á tímum COVID-19 farsóttarinnar. Erlend velta greiðslukorta heimila nam 225 ma.kr. á árinu 2022 að nafnvirði samanborið við 134 ma.kr. árið á undan.



Reiðufé í umferð dróst saman um 1,65% milli árána 2021 og 2022 en árstíðaleiðrétt eftirspurn eftir reiðufé breyttist lítið. Reiðufjárnotkun á sölustöðum heldur þó áfram að dragast saman. Áætlað er að notkun reiðufjár á sölustöðum hafi dregist saman um 0,5% frá árinu á undan. Reiðufjárúttekt úr hraðbönkum

með innlendu greiðslukorti minnkaði að raunvirði um 3% milli árána. Reiðufjárúttekt í hraðbönkum með innlendum greiðslukortum erlendis jókst hins vegar um 64% og var tæplega 16 ma.kr. á árinu 2022. Velta reiðufjárúttektar úr hraðbönkum innanlands með erlendu greiðslukorti jókst líka umtalsvert eða um 22% að raunvirði.

Tekjur og gjöld í smágreiðslumiðlun



Niðurstöður úr greiningu á þjónustugjöldum og þjónustutekjum fyrir árið 2022 nær yfir notkun heimila á innlendum greiðslumiðlum héraendis, notkun innlendra greiðslumiðla erlendis og notkun erlendra greiðslumiðla héraendis.



Þátttakendur greiða öðrum þátttakendum gjöld fyrir vinnslu og notkun á greiðslumiðli. Gjöldin mynda tekjur fyrir fyrirtæki í greiðslumiðlun. Gjöldunum er skipt niður eftir því hvaða þátttakandi í virðisæðju greiðslumiðlunar greiðir þau. Beinir þátttakendur eru heimili; sölu- og þjónustuaðilar og fyrirtæki í greiðslumiðlun sem gefa út greiðslumiðil eða veita greiðsluþjónustu til neytenda. Seðlabankinn er líka þátttakandi í greiðslumiðlun með rekstri millibankakerfis (MBK) og útgáfu reiðufjár en hann innheimtir ekki heimilin um þjónustugjöld. Af þeirri ástæðu er sá hluti ekki með í greiningunni. Bæði fyrirtæki í greiðslumiðlun og sölu- og þjónustuaðilar greiða gjöld til undirverktaka en þeir síðarnefndu eru ekki beinir þátttakendur í greiðslumiðlun.⁶

Þjónustugjöld heimila

Á árinu 2022 er áætlað að heimilin hafi greitt alls 12,3 ma.kr. í bein þjónustugjöld fyrir notkun á greiðslumiðlum innanlands og erlendis. Að raunvirði hækkaði kostnaðurinn um 4,7% frá árinu á undan. Færslufjöldinn á bakvið gjöldin var alls um 254 milljónir og nam fjölgunin um 4,9% frá árinu 2021. Mest aukning gjalda varð af notkun greiðslukorta erlendis. Þar af er áætlað að heimilin hafi greitt um 10 ma.kr. fyrir greiðslukortanotkun, 3,6 ma.kr. fyrir debetkort og 6,4 ma.kr. fyrir kreditkort. Að raunvirði hækkuðu gjöld af debetkortum um 13% og af kreditkortum um 8%. Að meðaltali kostaði hver debetkortafærsla um 35 kr. og kreditkortafærsla um 76 kr.

Notkun innlendra greiðslumiðla innanlands

Flest heimili nota greiðslukort til að greiða fyrir vöru og þjónustu á sölustöðum á smásölumarkaði innanlands, annað hvort beint eða óbeint með



6. Lesa má nánar um þátttakendur í greiðslumiðlun hér: [Kostnaður við smágreiðslumiðlun, 2023](#).

snjalltæki sem greiðslukort hefur verið tengt við. Debetkort var mest notaði greiðslumiðillinn á árinu 2022 með tæplega 89 milljón færslur eða 53% færslna á árinu, sjá nánar á mynd VI-2.

Á árinu 2022 er áætlað að heimilin hafi greitt um 6,5 ma.kr. í þjónustugjöld fyrir að nota greiðslumiðil innanlands. Kostnaðurinn samanstendur af árgjöldum, færslugjöldum, greiðslufirliti og öðrum skyldum þjónustugjöldum. Gjöldin lækkuðu um 14% milli ára að raunvirði. Allir bankar og sparisjóðir innheimtu ofangreind þjónustugjöld á árinu 2022 nema Indó sparisjóður sem býður viðskiptavinum upp á debetkort.⁷ Hér að neðan er gerð nánari grein fyrir gjöldum sem fylgdu tegund hvers greiðslumiðils.

Tafla VI-1 Þjónustugjöld heimila fyrir notkun á greiðslumiðlum innanlands

Greiðslumiðill	Gjöld ma.kr.	% breyting 2021-2022	Á hverja færslu kr.	% breyting 2021-2022
Reiðufé	0,6	11,1	236,8	23,3
Greiðslukort	5,2	-17,6	33,5	-13,9
þ.a. debetkort	1,8	5,0	20,1	11,0
þ.a. kreditkort	3,4	-25,9	51,4	-23,7
Greiðsluþjónusta ¹	0,7	-1,6	0,9	11,2
Alls	6,5	-14,1	27,5	-14,2

1. Millifærsla fjármuna á annan reikning, Netgíró, Aur og Kass, reikningsyfirlit og skyld þjónusta.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Reiðufé

Áætlað er að heimilin hafi greitt um 600 m.kr. í þjónustugjöld fyrir notkun á reiðufé á árinu 2022 sem er um 11% hækkun að raunvirði frá árinu á undan. Að meðaltali kostaði hver reiðufjárfærsla um 237 kr. sem er 23% hækkun frá árinu 2021. Hækkunina má rekja til þess að

heimilin tóku að meðaltali út hærri fjárhæðir í seðlum úr hraðbönkum og gjöld á reiðufjárþjónustu hjá bönkum og sparisjóðum hækkuðu. Á sama tíma fækkaði færslum á reiðufjárúttektum úr hraðbönkum frá árinu á undan og færslum fækkaði einnig hjá gjaldkerum.

Þjónustugjöld á reiðufé

Heimilin greiða ekkert gjald fyrir reiðufjárnotkun á sölustöðum en þau geta þurft að greiða gjald til að nálgast reiðfé af bankareikningi sínum. Algengast er að heimilin taki út reiðufé í hraðbanka með greiðslukorti eða rafrænu skilríki. Önnur leið er að taka út reiðufé hjá gjaldkera af bankareikningi eða með greiðslukorti. Sá hluti gjalds sem fellur til þegar tekið er út reiðufé telst sem reiðufjárnotkun óháð því hvaða búnaður er notaður til að nálgast það. Ekki eru tekin nein gjöld þegar bankareikningur og hraðbanki er hjá sama banka en algengt er að gjald sé tekið þegar notað er kreditkort. Heimilin taka líka út reiðufé hjá gjaldkera en þeim tilvikum fer fækkandi með ári hverju samhliða aukinni raf-rænni notkun á greiðslumiðlum og fækkun útibúa.


Greiðslukort

Heimilin greiddu alls um 5,2 ma.kr. í þjónustugjöld fyrir greiðslukortanotkun innanlands á árinu 2022 en kostnaðurinn samanstendur af árgjöldum greiðslukorta og færslugjöldum af debetkortanotkun hjá söluaðilum. Enginn munur er á kostnaði hvort sem notað er plast eða snjalltæki. Að raunvirði lækkuðu gjöldin um 17,6% frá 2021.

Debetkort: Áætlað er að heildargjöld fyrir notkun á debetkortum hafi verið um 1,8 ma.kr. á árinu 2022 sem er 5% hækkun að raunvirði frá árinu á undan. Ástæður hækkunar gjalda fyrir debetkortanotkun eru í meginatriðum þær að fleiri virk debetkort voru í umferð á árinu samanborið við árið á undan og debetkortagjaldið hækkaði að meðaltali. Hver færsla kostaði um 20 kr. að meðaltali (færslugjald + árgjald) en kostaði um 18 kr. á árinu 2021 sem er hækkun um 11%.

Þjónustugjöld á debetkort innanlands

Debetkortagjöld samstanda af árgjaldi og færslugjaldi. Árgjaldið er mun lægra en af kreditkorti og fylgja engin fríðindi kortinu. Af fjölda virkra debetkorta greiddi korthafi 934 kr. að meðaltali fyrir árgjald á debetkorti á árinu 2022. Heimilin greiða líka fast færslugjald af hverri færslu þegar greitt er með debetkorti og kostaði hver færsla um 19 kr. að meðaltali á árinu.



7. Á árinu 2023 hóf Aur, sem er í eigu Kviku að bjóða viðskiptavinum kort án árgjalds.

Kreditkort: Áætlað er að heimilin hafi greitt um 3,4 ma.kr. í þjónustugjöld fyrir að nota kreditkort innanlands á árinu 2022. Það er lækkun uppá 26% að raunvirði frá fyrra ári. Ástæðurnar að baki lækkuninni er að árgjöld kreditkorta hjá bönkum og sparisjóðum hækkuðu ekki í takt við almennt verðlag í landinu, lítil breyting varð á virkum greiðslukortum í umferð og fleiri leituðu í ódýrari kreditkort. Hver færsla kostaði 51,4 kr. að meðaltali og lækkaði um tæp 24% milli ára. Færslufjöldi kreditkorta var meiri á árinu en á árinu á undan og tekjurnar lækkuðu að raunvirði. Báðir þessir þættir draga úr kostnaði á hverja færslu.

Þjónustugjöld á kreditkort innanlands

Heimilin greiða einkum árgjald fyrir að nota kreditkort innanlands og er gjaldið mishátt eftir því hvort og hversu mikil fríðindi fylgja korti. Samkvæmt verðskrá bankna í lok árs 2022 var ódýrasta kreditkortið (án fríðinda) um 2.500 kr. að meðaltali og dýrasta kortið um 45.000 kr. Af fjölda virkra kreditkorta greiddi korthafi 11.600 kr. í árgjald að meðaltali sem bendir til þess að fleiri kjósi að greiða herra árgjald til að fá ákveðin fríðindi.

Greiðsluþjónusta

Áætlað er að heildargjöld heimila fyrir greiðsluþjónustu hafi numið um 700 m.kr. á árinu 2022 og lækkað um 1,6% að raunvirði frá árinu 2021. Lækkunina má rekja til minni umsýslu t.d. í tengslum við greiðslufirlit og minni notkunar á BNPL-lausnum samanborið við árið á undan. Áætlað er að hver færsla hafi kostað um 0,9 kr. að meðaltali sem er hækkun um 11% frá árinu á undan. Samanlagður færslufjöldi var um 78 milljónir og dróst saman um 2% frá árinu á undan. Gjald fyrir hverja færslu á BNPL-lausn er mun hærri tala en ofangreint meðaltal en fáar færslur eru þar að baki.


Þjónustugjöld á greiðsluþjónustu

Almennt greiða heimilin engin gjöld fyrir að millifæra fjármuni á annan reikning gegnum netbanka og bankaapp. Kostnaðurinn samanstendur því aðallega af reikningsyfirliti, aðstoð gjaldkera við millifærslu og greiðslu- og færslugjöldum BNPL og vinagreiðslum.

Notkun innlendra greiðslumiðla erlendis

Þegar fólk ferðast erlendis eða verslar á netinu gegnum erlenda vefsíðu notar það aðallega greiðslukort. Minni munur er á færslufjölda milli debet- og kreditkorta-notkunar erlendis en innanlands. Heimilin notuðu sem

dæmi debetkort 15 milljón snum í útlöndum sem er um 46% af heildarfærslufjöldanum erlendis og kreditkort um 16,6 milljón snum eða um 49% af heildarfærslum.



Tafla VI-2 Þjónustugjöld heimila af notkun innlendra greiðslumiðla erlendis

Greiðslumiðill	Gjöld ma.kr.	% breyting 2021-2022	Á hverja færslu kr.	% breyting 2021-2022
Gjaldeyrir ¹	0,2	79,5	118,2	18,4
Greiðslukort	4,7	37,5	148,2	0,5
þ.a. debetkort	1,8	4,8	117,8	-24,9
þ.a. kreditkort	2,9	70,9	176,7	34,6
Greiðsluþjónusta ²	0,9	10,7	2261,1	29,8
Alls	5,8	33,5	171,8	-9,1

1. Hluti gjaldeyris var flokkaður sem sérliður um greiðslur yfir landamæri í riti 1/2023.
2. Í fyrsta riti Seðlabankans um kostnaðargreiningu við smágreiðslumiðlun er greiðsluþjónusta yfir landamæri sérliður en er í þessu riti hluti af notkun innlendra greiðslumiðla erlendis. Fáar færslur eru á bakvið greiðsluþjónustu yfir landamæri í samanburði við aðra greiðslumiðla.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Áætlað er að á árinu 2022 hafi heimilin greitt um 5,8 ma.kr. í þjónustugjöld fyrir að nota greiðslumiðla erlendis í formi færslugjalda, gengisálags og millifærslna fjármuna. Gjöldin hækkuðu milli árána 2021 og 2022 um 33% sem skýrist að miklu leyti með auknum utanlandsferðum landsmanna og meiri netviðskiptum við erlendar vefsíður. Hér að neðan er gerð nánari grein fyrir gjöldum sem fylgdu hverri tegund greiðslumiðils.

Gjaldeyrir

Áætlað er að þjónustugjöld af notkun gjaldeyris hafi verið nálægt 200 m.kr. og hækkuðu þau um 80% frá árinu á undan sem skýrist af auknum utanlandsferðum fólks. Hver færsla kostað um 118 kr. að meðaltali og hækkaði hún um 18% frá árinu á undan sem gefur til kynna að gjöldin hafi hækkað talsvert.

Þjónustugjöld á gjaldeyri

Þegar íslenskum krónum er skipt í erlendan gjald-eyri óháð greiðsluaðferð er greitt ákveðið gjald, gengisálag og/eða seðlagengi. Einnig er greitt færslugjald þegar reiðufé er tekið úr hraðbanka innanlands ef útgefandi og eigandi hraðbanka er ekki sá sami. Enn fremur er gjald greitt þegar gjald-eyrir er keyptur hjá gjaldkera. Gjöld fylgja alltaf gjaldeyriskaupum í hraðbanka eða hjá gjaldkera erlendis.

Greiðslukort

Þjónustugjöld af greiðslukortanotkun heimila erlendis námu um 4,7 ma.kr. og þar af greiddu heimilin um 4,4 ma.kr. í gengisálag. Að raunvirði hækkuðu gjöld greiðslukorta um 38% frá árinu á undan sem skýrist að nokkru leyti af meiri neyslu erlendis en einnig af almennri hækkun gjalda. Færslufjöldi innlendra greiðslukorta erlendis jókst um 47% milli árána 2021 og 2022 eða úr 22 milljónum í tæplega 33 milljónir.

Debetkort: Áætlað er að heildargjöld fyrir notkun á debetkortum erlendis hafi verið um 1,8 ma.kr. á árinu 2022 sem er um 5% hækkun að raunvirði frá árinu á undan. Hver færsla kostaði um 118 kr. að meðaltali (færslugjald + gengisálag) sem er 25% minna en árið 2021. Ástæðan er að færslum erlendis fjölgaði umtalsvert á árinu 2022 eða um 50% frá árinu á undan.

Kreditkort: Þjónustugjöld heimila fyrir kreditkorta-notkun erlendis eru áætluð um 3 ma. kr. á árinu 2022 sem er 71% hækkun að raunvirði frá árinu á undan. Eins og í tilfelli debetkorta jókst kreditkortanotkun erlendis. Gjöld af þeim eru hærri en gjöld af debetkortum. Hver kreditkortafærsla árið 2022 kostaði heimilin 177 kr. (færslugjald + gengisálag) og hækkaði um 35% frá árinu 2021.

Þjónustugjöld á greiðslukortanotkun erlendis

Gjöld sem fylgja notkun greiðslukorta erlendis eru gengisálag sem greitt er í hvert sinn sem greiðslukort er notað hjá söluaðila (nema á debetkort gefið út af Indó), í hraðbanka og hjá gjaldkera. Einnig getur færslugjald fylgt greiðslukorti.

Tafla VI-3 Gengisálag vegna greiðslukortanotkunar

Greiðslumiðill	Gjöld, ma.kr.	Á hverja færslu kr.
Debetkort	1,6	103,2
Kreditkort	2,8	169,7
Greiðslukort, alls	4,4	137,5

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Greiðsluþjónusta

Þjónustugjöld sem heimilin greiddu til banka og þjónustuaðila innanlands fyrir greiðslur yfir landamæri námu um 900 m.kr. á árinu 2022 og hækkuðu þau um 11% að raunvirði milli ára.⁸ Að meðaltali kostaði hver færsla um 2.261 kr. og hækkaði um 30% frá fyrra ári. Gjöld á peningasendingar yfir landamæri eru mun hærri en fyrir rafræna millifærslu á reikning erlendis. Að meðaltali kostaði hver peningasending um 3.340 kr. og rafræn millifærsla um 1.500 kr.

Þjónustugjöld á greiðsluþjónustu yfir landamæri

Heimilin nota netbanka, bankaapp í snjalltæki og aðstoð frá gjaldkera til að millifæra fjármuni rafrænt á bankareikning erlendis eða greiðslan er í formi peningasendinga. Talsverður kostnaður fylgir millifærslu fjármuna til útlanda en kostnaðurinn getur verið mishár eftir því hvert er verið að senda færsluna og hvaða greiðsluaðferð er notuð.

Þjónustugjöld söluaðila

Þjónustugjöld söluaðila af notkun greiðslumiðla var um 14,6 ma.kr. á árinu 2022, þar af nam kostnaðurinn vegna erlendra greiðslukorta um 4,5 ma.kr. Að raunvirði hækkaði kostnaður söluaðila við notkun greiðslumiðla um tæplega 24% milli 2021 og 2022.

Þjónustugjöld söluaðila vegna notkunar á greiðslukortum eru áætluð um 14,4 ma.kr. og hækkuðu þau um tæp 24% frá árinu á undan. Hækkunin skýrist að hluta til af fjölgun ferðamanna hérlendis og að hluta af hærri gjöldum af innlendum greiðslukortum. Gjöldin eru alltaf lægri af debetkortum en kreditkortum m.a. vegna þess að þakið á milligjaldi debetkorta er lægra en þakið af kreditkortum.⁹

Hver debetkortafærsla kostaði um 50 kr. að meðaltali á móti 142 kr. af hverri kreditkortafærslu. Kostnaður á hverja færslu á bæði debet- og kreditkortum hækkaði á árinu 2022 borið saman við árið á undan að hluta til vegna þess að færslum fjölgaði lítið milli árána en fjárhæð á hverja færslu hækkaði. Færslufjöldi erlendra greiðslukorta jókst hins vegar umtalsvert eða um 101% milli ára sem skýrir að miklu leyti hvers vegna sá hluti kostnaðar lækkaði á hverja færslu.

8. Viðtakandi greiðslu erlendis greiðir að jafnaði gjald til þjónustuveitanda sem móttækur greiðsluna frá íslenskum þjónustuaðila. Sá kostnaður er ekki inn í kostnaðargreiningunni.

9. Færsluhirðar og söluaðilar semja um uppgjörstíma á greiðslukortum og getur sá gjaldaliður (þjónustugjald) verið mishár eftir samningum. Algengast er að uppgjörstími debetkorta sé í lok dags eða næsta dag á eftir.


Þjónustugjöld söluaðila

Söluaðilar greiða bönkum og sparisjóðum gjöld fyrir reiðufjár- og greiðsluþjónustu m.a. afgangsgjöld á seðlum, seðilgjöld og rafræna millifærslu. Helsti gjaldaliður sölu- og þjónustuaðila í smágreiðslumiðlun er hins vegar greiðslukortapóknun (e. merchant service charge, MSC) þar sem stærsti hluti viðskiptavina notar aðallega greiðslukort til að greiða fyrir vöru og þjónustu. Þóknunin samanstendur af milligjaldi, skemagjaldi og þjónustugjaldi. Hlutfallslega skiptingu gjaldanna má sjá á mynd VI-4.

Tafla VI-4 Þjónustugjöld söluaðila vegna notkunar greiðslumiðla

Greiðslumiðill	Gjöld ma.kr.	% breyting 2021-2022	Á hverja færslu kr.	% breyting 2021-2022
Reiðufé	0,1	66,9	846,7	79,5
Greiðslukort	14,4	23,5	90,1	28,8
þ.a. debetkort	4,5	9,0	50,2	15,1
þ.a. kreditkort	9,8	30,7	142,1	34,1
Greiðsluþjónusta	0,1	3,0	0,6	6,8
Alls	14,6	23,5	63,7	53,5
Þar af erlend greiðslukort:				
Greiðslukort	5,7	78,0	202,3	-5,7
þ.a. debetkort	1,2	49,0	86,4	-21,1
þ.a. kreditkort	4,5	87,8	317,7	-0,5

Heimild: Seðlabanki Íslands.



Tekjur og gjöld fyrirtækja í greiðslumiðlun

Áætlað er að hreinar þjónustutekjur af greiðslumiðlum hafi verið tæplega 33 ma.kr. á árinu 2022 og hækkuðu þau að raunvirði um tæplega 37% borið saman við árið á undan. Tekjur af debetkortum hækkuðu um 11% en kreditkort rúmlega 1%.

Hreinar tekjur af greiðsluþjónustu lækkuðu um 64% sem er umtalsverð lækkun frá árinu á undan en þjónustan var rekin eins og á árinu á undan með tapi. Bankar og sparisjóðir innheimta almennt ekki gjald fyrir millifærslu fjármuna á annan bankareikning innanlands en gjald er innheimt ef millifært er yfir landamæri. Með aukinni rafrænni greiðslumiðlun og sjálfsafgreiðslu heimila við millifærslu fjármuna má gera ráð fyrir að sá gjaldaliður haldi áfram að lækka á hverja færslu.

Tafla VI-5 Hreinar tekjur fyrirtækja í greiðslumiðlun

Greiðslumiðill	Tekjur ma.kr.	Gjöld ma.kr.	Hreinar tekjur ma.kr.	% breyting 2021-2022
Reiðufé	0,9	0,4	0,5	7,4
Greiðslukort	30,0	6,4	23,6	4,6
þ.a. debetkort	10,3	1,9	8,4	11,0
þ.a. kreditkort	19,7	4,5	15,2	1,3
Greiðsluþjónusta	1,7	4,3	-2,6	-64,4
Alls	32,6	11,1	21,5	36,6

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Þjónustutekjur og þjónustugjöld

Þjónustutekjur heimila og söluaðila mynda tekjur fyrir fyrirtæki í greiðslumiðlun. Söluaðilar greiða eins og fyrr segir m.a. milligjöld til færsluhirða sem eru prósentugjald af hverri færslu. Færsluhirðar senda tekjurnar af milligjöldum til VISA og Mastercard ásamt skemagjöldum, en sá síðarnefndi (skilgreindur sem undirverktaki) gerir upp milligjöldin til útgefenda greiðslukorta (banka og sparisjóða) hér á landi og erlendis. Milligjöldin af innlendum greiðslukortum eru því tvítalin en gjöld eru reiknuð á móti hjá færsluhirðum. Að auki greiða fyrirtækin ýmis önnur gjöld t.d. vinnslu- og framleiðslugjöld til undirverktaka.



KOSTNAÐUR VIÐ
SMÁGREIÐSLUMIÐLUN
2024